



Hugmyndir hagsmunaaðila um algengustu landbúnaðarvistfræðilegu aðferðirnar sem notaðar eru við illgresiseyðingu á norðurslóðum (Ísland)

VIÐFANGSEFNI

Hvaða aðferðir eru árangursríkastar við illgresiseyðingu í útiræktuðu grænmeti á norðurslóðum?

ÁLIT HAGSMUNAAÐILA

Bændur á norðurslóðum reiða sig aðallega á skiptiræktun og jarðvinnslu í baráttunni við illgresi. Hagsmunaaðilar þekktu einnig allir til þekjujurta (cover crops) og illgresiseyðingar með vélum og 88% könnuðust við samplöntun (intercropping). Einnig þekktu 75% til illgresisbruna, skjólsáningar og plantna sem nýtast vistkerfinu. Aðeins 13% höfðu heyrt um valtara sem krumpar þekjujurtir (roller-crimper). Á vinnustofu var rætt um að skiptiræktun væri mikilvægasta aðgerðin gegn illgresi en að landnáði væri oft ekki nægilegt til þess að bændur gætu nýtt sér aðferðina að fullu. Jarðvinnsla er mikilvæg og aðferðir við ræktun án jarðvinnslu (no-till) geta valdið auknu illgresisálagi. Illgresisbruni hefur verið notaður að einhverju leyti í lífrænni ræktun á gulrótum og þá með heimasníðuðum búnaði. Rætt var um illgresiseyðingu með tækjum, herfum, róbótum og jarðvegsdúkum. Stutt vaxtartímabil veldur því að erfitt er að rækta þekjujurtir eftir uppskerutíma. Einnig var rætt um illgresisbruna sem mögulega lausn á illgresisvandamálu.



Mynd 1: Kálgarður þar sem algengustu illgresistegundirnar eru haugarfi og grös.



RÁÐLEGGINGAR

Mesta áherslu ætti að leggja á skiptiræktun og illgresiseyðingu með tækjum. Til þess að minnka notkun illgresiseyða ætti að gera prófanir á tækjum fyrir illgresiseyðingu við mismunandi skilyrði. Einnig ætti að skoða notkun tæknilausna eins og GPS og róbóta til þess að stuðla að aukinni sjálfbærni. Þrátt fyrir að ræktun þekjukurta sé vandasöm ætti að íhuga notkun þeirra á svæðum með lengri vaxtartímabil eða þar sem ræktaðar eru tegundir sem hægt er að uppskera snemma

LYKILORÐ

skiptiræktun, jarðvinnsla, illgresisbruni

HÖFUNDURI

Sigrún Dögg Eddudóttir, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins (RML), Akureyri, Ísland

